

**Nd.**

**550. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Síðasta málsgrein 1. gr. laga nr. 36, 30. júlí 1909, um laun háskólakennara, orðist svo:

Í heimspekideild eru 3 prófessorar. Kennir einn þeirra heimspeki, annar íslenska málfræði og menningarsögu, og þriðji íslenska sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.